

Nd.

229. Nefndarálit

[134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp. Í því er lagt til, að útflutningsskatturinn, sem nú er innheimtur samkv. efnahagslögum frá síðasta þingi, skuli ekki leggjast á vörur, sem framleiddar verða eftir 1. jan. 1961. Þá eru og í frv. ákvæði um ráðstöfun á væntanlegum tekjuafgangi útflutningssjóðs.

Eins og fyrri daginn eru upplýsingar ríkisstjórnarinnar um hag útflutningssjóðsins mjög á reiki. Í bók um efnahagsmálin, sem ríkisstjórnin gaf út og lét dreifa um landið á kostnað ríkisins í febr. s. l., var sagt, að skuldbindingar, er á útflutningssjóði hvíldu, væru áætlaðar um 270 millj. kr. Þessar kröfur á sjóðinn átti að borga þannig:

1. Með gengishagnaði, er fram kæmi við útflutning á vörubirgðum, er til voru í landinu 16. febr. Var áætlað, að gengishagnaðurinn næmi 150 millj. kr.
2. Með útflutningsskatti, er var áætlað að næmi 120 millj. kr. árið 1960.

Upphaflega var útflutningsskatturinn ákveðinn 5% af verði útfluttrar vöru. En í maímánuði s. l. bar ríkisstjórnin fram frumvarp á þingi um að lækka skattinn úr 5% í 2½%, og var það samþykkt. Þá komu nýjar upplýsingar frá stjórninni um ástæður útflutningssjóðsins. Var þá áætlað, að gengismunurinn á útflutningsvörubirgðunum mundi verða 227,5 millj., en ekki 150 millj., eins og áður var talið. Hins vegar var þá áætlað, að kröfur á sjóðinn mundu verða 23 millj. kr. meiri en áður var talið. Niðurstaðan var þá sú, að af útflutningsskattinum mundi þurfa 65,5 millj. til að jafna halla sjóðsins, en ekki 120 millj., eins og sagt var þrem mánuðum áður.

Þegar stjórnarfrumvarpið, sem hér liggur fyrir, var til umræðu í fjárhagsnefnd, óskaði ég eftir nýjum upplýsingum um ástæður útflutningssjóðsins. Og nú barst nefndinni ný áætlun um væntanlegar tekjur og gjöld útflutningssjóðsins, gerð um síðustu mánaðamót. Þar er niðurstaðan sú, að gert er ráð fyrir tekjuafgangi hjá sjóðnum, um 60 millj. kr. Tekið er fram, að í áætluninni séu ekki taldar með væntanlegar tekjur af útflutningsskattinum hér eftir, 25—28 millj. kr. Tekjuafgangurinn ætti því að nema alls 85—88 millj. kr., og er það 40 millj. kr. hærri upphæð en talið er að allur útflutningsskatturinn muni verða.

Sé byggt á þessum upplýsingum, hefði þannig orðið um 40 millj. kr. tekjuafgangur hjá útflutningssjóði, þó að enginn útflutningsskattur hefði verið á lagður til tekjuöflunar handa sjóðnum.

En í febr. s. l. sagði ríkisstjórnin, að innheimta þyrfti 120 millj. kr. með útflutningsskatti til þess að jafna halla útflutningssjóðs, og fékk skattinn lögfestan.

Ef tekið er mark á nýjustu skýrslum, sem borizt hafa, hefur álagning útflutningsskattsins verið byggð á röngum upplýsingum frá ríkisstjórninni um hag útflutningssjóðs.

Í frv. er lagt til, að af því fé, sem verður afgangur í útflutningssjóði, skuli greiða váttryggingariðgjöld fiskiskipa á árinu 1960. Í athugasemdum með frv. kemur fram, að þessi tillaga er flutt eftir ósk Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Þá er og lagt til í frv., að hluti af afgangsfé útflutningssjóðs skuli renna í ríkissjóð og verða ráðstafað í þágu landbúnaðarins „samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar“. Ég flyt brtt. um, að fé þessu skuli ráðstafað samkvæmt tillögum Stéttarsambands bænda. Þar sem hluta sjávarútvegsins er varið eftir tillögum L. Í. Ú., tel ég eðlilegt, að þeim hluta afgangsfjárins, sem fer til landbúnaðarins, verði ráðstafað samkvæmt tillögum Stéttarsambands bænda.

Í 23. gr. efnahagslaganna er svo fyrir mælt, að óheimilt sé að ákveða, að kaupgjald skuli fylgja breytingum á vísitölu. Á síðasta þingi bar ég fram brtt. við efnahagsmálafrumvarpið um, að 23. greinin skyldi þannig orðuð:

„Ríkisstjórnin vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.“

Þetta orðalag er tekið upp úr kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins í síðustu alþingiskosningum. Þá kvaðst hann vilja beita sér fyrir þessari lausn á málinu. Breytingartillaga mín var felld á síðasta þingi af þingmönnum stjórnarflokka. Ég flyt hana aftur nú. Gefst þá þingmönnum stærri stjórnarflokksins enn tækifæri til að standa við það fyrirheit, er þeir gáfu kjósendum í fyrrahaust, með því að samþykkja tillöguna.

Í upphafi þess þings, er nú situr, fluttu þingmenn Framsóknarflokksins í neðri deild frumvarp um breytingar á lögum um efnahagsmál. Efni frumvarpsins er:

1. Vaxtalækkun. Vextir af afurðavíxlum, sem seðlabankinn endurkaupir, megi ekki vera hærri en 5.5%. Lög frá 1933, með breytingum frá 1952, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., komi í gildi á ný. Verður þá hámark vaxta eins og það var áður en ríkisstjórnin lét hækka vextina snemma á þessu ári.
2. Afnumin verði þau ákvæði laganna, sem veita ríkisstjórninni heimild til að ákveða vexti og lánstíma hjá ýmsum stofnlánasjóðum.
3. Numin verði úr lögum heimild seðlabankans til að heimta til sín hluta af innstæðum í viðskiptabönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum.

Þessu frumvarpi framsóknarmanna var vísað til fjárhagsnefndar til athugunar. Við atkvæðagreiðslu í nefndinni 12. þ. m. greiddu fulltrúar ríkisstjórnarflokka atkvæði gegn því að mæla með frv.

Til þess að fá nú þegar úrskurð þingdeildarinnar um málið, flyt ég tillögurnar úr frumvarpi framsóknarmanna sem breytingartillögur við stjórnarfrumvarpið, sem hér liggur fyrir. Verður hér gerð nokkur grein fyrir tillögum.

Í 32. grein efnahagslaganna frá síðasta þingi var ríkisstjórninni veitt heimild til að ákveða vaxtakjör og lánstíma hjá eftirtöldum sjóðum:

Fiskveiðasjóði.
 Stofnlánadeild sjávarútvegsins.
 Byggingarsjóði sveitabæja.
 Ræktunarsjóði.
 Byggingarsjóði kaupstaða og kauptúna.
 Byggingarsjóði verkamanna.
 Raforkusjóði.

Ríkisstjórnin notaði heimildina þannig, að hún stórhækkaði vexti hjá sjóðunum, og einnig stytta hún lánstímann hjá sumum þeirra.

Fram til þess tíma, er efnahagslögin frá síðasta þingi gengu í gildi, hafa lána-
 kjör hjá þessum sjóðum verið ákveðin af Alþingi. Þannig á þetta að vera. Því
 er lagt til í breytingartillögu, er ég flyt, að 32. gr. laganna verði felld úr gildi. Verði
 þetta samþykkt, koma aftur til framkvæmda þau lagaákvæði, er áður giltu um
 vexti og lánstíma hjá sjóðunum.

Ríkisstjórnin lét sér ekki nægja að hækka vexti hjá ýmsum stofnlánasjóðum.
 Hún beitti sér einnig fyrir og kom fram vaxtahækkun hjá bönkunum, sem er svo
 gífurleg, að slíks munu ekki dæmi annars staðar. Þær stjórnarráðstafanir hafa lagt
 óviðráðanlegar byrðar á fjölda manna og valdið miklum þrengingum hjá þeim,
 sem fást við atvinnurekstur. Tæplega munu finnast atvinnufyrirtæki, sem eru fær
 um að borga 11½% ársvexti af lánum, og víst er, að aðalatvinnuvegirnir geta
 ekki risið undir þeim vaxtagreiðslum. Meðan slíku er haldið uppi, eru Íslendingar
 ekki samkeppnisfærir með vörur sínar á erlendum mörkuðum, því að engir keppi-
 nautar þeirra eiga við slík ókjör að búa.

Það má öllum vera ljóst, að nú þegar þarf að nema úr gildi ákvarðanir stjórn-
 arinnar um vextina og færa þá aftur í fyrra horf. Það er fyrsta og sjálfsagðasta
 ráðstöfunin, sem ber að gera til þess að forða frá enn meira öngþveiti en orðið er.
 Lagfæringar í þessu efni þola enga bið.

Þegar ríkisstjórnin ákvað vaxtahækkunina snemma á þessu ári, hélt hún því
 fram, að sú ráðstöfun mundi verða til þess að örva sparifjáröfnunina mjög veru-
 lega. En opinberar skýrslur sýna, að sparifjáruakningin hefur orðið miklu minni á
 þessu ári en undanfarin ár.

Hér eru birtar tölur úr skýrslum Hagstofu Íslands um innstæður í bönkum og
 sparisjóðum í lok októbermánaðar s. l. og á sama tíma 3 næstu árin á undan.
 Talin eru saman svonefnd spariinnlán og innlán á hlaupareikningum, önnur en
 mótvirðisfé. Innlánin eru talin hér í heilum milljónum króna, en broti úr milljón
 sleppt.

I. Bankar:

Í lok okt. 1957	1501 millj. kr.
- — — 1958	1815 — —
- — — 1959	2161 — —
- — — 1960	2423 — —

Innstæðuaukningin hefur því orðið:

31/10 1957—31/10 1958	314 millj. kr. eða 20.9%
31/10 1958—31/10 1959	346 — — — 19.1%
31/10 1959—31/10 1960	262 — — — 12.1%

II. Sparisjóðir:

Í lok okt. 1957	427 millj. kr.
- — — 1958	518 — —
- — — 1959	642 — —
- — — 1960	725 — —

Innstæðuaukningin hefur því orðið:

31/10 1957—31/10 1958	91 millj. kr. eða 21.2%
31/10 1958—31/10 1959	124 — — — 23.9%
31/10 1959—31/10 1960	83 — — — 13 %

Af þessum samanburði sést, að síðustu 12 mánuðina fyrir 1. nóv. þ. á. hefur sparifjárukningin í bönkum og sparisjóðum orðið tiltölulega langtum minni en næstu 2 árin þar á undan þrátt fyrir vaxtahækkunina.

Þær hagskýrslutölur, sem hér eru birtar, eru eitt vitni af mörgum um þá fjárhagserfiðleika, sem efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa valdið.

Í lögum nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands (16. gr.), segir, að skipa megi svo fyrir, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í seðlabankanum. Þetta heimildarákvæði hefur ekki verið notað fyrr en á þessu ári. Var þá gefin út skipun um, að helmingur þeirrar innstæðuaukningar, sem verða kynni hjá nefndum innlánsstofnunum, skyldi afhendast seðlabankanum til geymslu. Enn fremur skyldi sama gilda um innlánsdeildir kaupfélaga, samkvæmt heimild, sem núverandi stjórnarflokkar beittu sér fyrir og komu inn í lögín á þessu ári.

Með fjárheimtunni frá viðskiptabönkunum, sparisjóðum og innlánsdeildum, eru lagðar hindranir í veg einstaklinga og félaga, sem þurfa að afla lánsfjár til atvinnurekstrar og nauðsynlegra framkvæmda. Til þess að ryðja þeim hindrunum úr vegi þarf að nema úr lögum heimildina til fjárheimtunnar.

Það er tillaga mín, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hér hafa verið nefndar. Breytingartillögurnar flyt ég á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 1960.

Skúli Guðmundsson.